

12. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. júní 1999.

Jafnframt falla úr gildi lög um íslensk vegabréf, nr. 18 11. febrúar 1953.

*Gjört á Bessastöðum, 22. desember 1998.*

**Ólafur Ragnar Grímsson.**

(L. S.)

Þorsteinn Pálsson.

## LÖG

### um breyting á lögum um Útflutningsráð Íslands, nr. 114/1990, með síðari breytingum.

FORSETI ÍSLANDS

*gjörir kunnugt:* Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Við 1. gr. laganna bætist nýr málslíður, svohljóðandi:

Útflutningsráði ber að stofna til samstarfs við þá aðila sem vinna að markaðssetningu á Íslandi fyrir erlenda fjárfesta og skal ráðstafa 14% af tekjum af markaðsgjaldi skv. 1. tölul. 3. gr. til verkefna af þeim toga.

2. gr.

3. gr. laganna orðast svo:

Tekjur Útflutningsráðs eru:

1. Markaðsgjald, 0,05%, sem lagt er á gjaldstofn til greiðslu tryggingagjalds eins og hann er skilgreindur í III. kafla laga nr. 113/1990, um tryggingagjald. Um álagningu og innheimtu markaðsgjalds fer eftir ákvæðum þeirra laga. Markaðsgjald má draga frá tekjum þess rekstrarárs þegar stofn þess myndaðist.
2. Þóknun fyrir veitta þjónustu.
3. Sérstök framlög og aðrar tekjur.

3. gr.

5. gr. laganna orðast svo:

Stjórn Útflutningsráðs skipa sjö menn sem valdir eru til tveggja ára í senn. Utanríkisráðherra skipar fimm stjórnarmenn eftir tilnefningu fulltrúa atvinnulífsins í samráðsnefnd, sbr. ákvæði 6. gr., og tvo án tilnefningar. Varamenn skulu skipaðir með sama hætti.

Stjórnin kýs sér formann og skiptir að öðru leyti með sér verkum. Stjórnin skipuleggur og ákveður verkefni Útflutningsráðs.

4. gr.

Á eftir 5. gr. laganna kemur ný grein, svohljóðandi, og breytist númeraröð annarra greina samkvæmt því:

Í samráðsnefnd Útflutningsráðs sitja fulltrúar samtaka atvinnulífsins og stjórnvalda. Af hálfu atvinnulífsins sitja í nefndinni fulltrúar Vinnuveitendasambands Íslands, Vinnumálasambandsins, Félags íslenskra stórkaupmanna, Verslunarráðs Íslands, Samtaka iðnaðarins, Landssambands íslenskra útvegsmanna, Samtaka fiskvinnslustöðva, Bændasamtakanna, Samtaka ferðaþjónustunnar og Samtaka íslenskra hugbúnaðarfyrtækja. Af opinberri hálfu

sitja í nefndinni fulltrúi utanríkisráðherra, sem er formaður, og fulltrúar iðnaðar- og viðskiptaráðherra, sjávarútvegsráðherra og samgönguráðherra. Þá eiga sæti í nefndinni fulltrúar Byggðastofnunar, Nýsköpunarsjóðs atvinnulífsins og Iðntækni stofnunar. Utanríkisráðherra skipar í nefndina samkvæmt tilnefningu framangreindra aðila til tveggja ára í senn. Honum er jafnframt heimilt í reglugerð að veita öðrum samtökum eða stofnunum aðild að samráðsnefndinni að fenginni umsögn hennar.

Samráðsnefnd Útflutningsráðs er vettvangur til samráðs og skoðanaskipta um stefnu og starfsemi ráðsins og staðfestir hún reikninga þess. Nefndin fundar ekki sjaldnar en tvisvar sinnum á ári.

Fulltrúar atvinnulífsins í samráðsnefnd velja fimm aðalmenn og fimm varamenn til setu í stjórn Útflutningsráðs.

#### 5. gr.

8. gr. laganna, sem verður 9. gr., orðast svo:

Utánríkisráðherra er heimilt, að fenginni umsögn stjórnar Útflutningsráðs, að kveða nánar á í reglugerð um starfsemi Útflutningsráðs og um verkaskiptingu milli þess og utanríkisráðuneytisins.

#### 6. gr.

Í stað ákvæða til bráðabirgða I–IV í lögnum kemur nýtt ákvæði til bráðabirgða, svohljóðandi:

Verði ekki annað ákveðið með lögum fellur markaðsgjald skv. 1. tölul. 3. gr. laga þessara niður frá og með 1. janúar 2001, þó þannig að álagning gjaldsins fari fram árið 2001 vegna gjaldstofns ársins 2000.

#### 7. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1999. Ákvæði 2. gr. koma til framkvæmda við álagningu tryggingagjalds á árinu 2000 og við staðgreiðslu þess á árinu 1999.

Við álagningu á árinu 1999 skal markaðsgjald lagt á virðisaukaskattsskylda veltu ársins 1998 í samræmi við 1. tölul. 3. gr. laga nr. 114/1990, eins og henni var breytt með 51. gr. laga nr. 122/1993.

*Gjört á Bessastöðum, 23. desember 1998.*

**Ólafur Ragnar Grímsson.**

(L. S.)

*Halldór Ásgrímsson.*

## LEIKLISTARLÖG.

FORSETI ÍSLANDS

*gjörir kunnugt:* Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

### I. KAFLI

#### Markmið og yfirstjórn.

##### 1. gr.

Markmið laga þessara er að efla íslenska leiklist og aðrar sviðslistir og búa þeim hagstæð skilyrði.

##### 2. gr.

Menntamálaráðherra fer með yfirstjórn leiklistarmála samkvæmt lögum þessum.